

L Ö G

46

7. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings
á afurðum bátaútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vegna verðhækkunar þeirrar til bátaútvegsins á nýjum þorski og ýsu, sem ákveðin var með auglýsingu 5. janúar 1946, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast hraðfrystihúsum landsins allt að 5 aura á innvegið kg miðað við slægðan fisk með haus. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en söluverð þeirra 1945. Nú reynist söluverð hraðfrystra þorsk- og ýsuflaka hærra en á árinu 1945, en þó ekki sem svarar verðhækkuninni á nýja fiskinum, og skal þá meta, að hve miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs kemur til greina.

Ef söluverð á hraðfrystum þorsk- eða ýsuflökum verður hærra en kr. 1.10 fyrir enskt pund komið í skip, miðað við sams konar verkun og gilt hefur fyrir enskan markað, þá skal það, sem umfram er, þó ekki meira en 2½ eyrir af pundi, renna í ríkissjóð.

Það, sem kann að fást umfram kr. 1.125 fyrir pundið, skiptist að jöfnu milli hraðfrystihúsaiegenda og fiskframleiðenda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka á leigu frá miðjum apríl fram í seinni hluta maí og annast rekstur á allt að 20 fiskflutningaskipum og kaupa fisk í þau til útflutnings til þess að tryggja það, að ekki falli niður útflutningur á ísvörðum fiski bátaútvegsins.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 7000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á andvirði útfluttra afurða, sem seldar kunna að verða með gjaldfresti, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt söluna.

5. gr.

Atvinnuáráðherra getur sett fyrir mæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um getur í lögum þessum, þar á meðal um þau sönnunargögn, er hann telur þurfa, fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt hið tilskilda lágmarksverð, sem ákveðið er af samninganefnd utanríkisviðskipta á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. maí 1946.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Áki Jakobsson.